

Nd. **530. Frumvarp til laga** [270. mál]
um breyting á lögum nr. 21 27. apríl 1955, um lækningaferðir.

Flm.: Geir Gunnarsson, Jónas Árnason.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist:

Ríkissjóður kostar kaup og rekstur á bifreið, sem búin er fullkomnum tækjum til tannviðgerða og notuð við lækningaferðir um landið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hlutverk laga um lækningaferðir er að auðvelda fólki í byggðum, sem langt á að sækja til augnlæknis, háls-, nef- og eyrnalæknis og tannlæknis, að njóta þjónustu þeirra. Í lögunum er gert ráð fyrir, að heilbrigðisyfirvöld semji við hlut- aðeigandi sérfræðinga um árlegar lækningaferðir.

Að því er tannlækningar varðar, hafa ákvæði þessara laga verið bókstafurinn einn, enda hefur ekki verið hendi sú tæknilega aðstaða, sem þarf til þess, að unnt sé að stofna til slíkra ferðalaga.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að til þess að tryggja fólki úti á landsbyggð- inni úrbætur frá því, sem nú gerist um tannlæknaþjónustu, verði bætt í lögin um lækningaferðir ákvæði um kaup og rekstur á bifreið, sem búin yrði fullkomnum tækjum til tannviðgerða og notuð við lækningaferðir um landið.

Skortur á tannlæknaþjónustu úti á landi er svo alkunnur, að um hann gerist naumast þörf að ræða, en þess má t. d. geta, að á öllu svæðinu frá Húsavík austur um til Vestmannaeyja er aðeins einn tannlæknir. Sé aðstaða á hinum ýmsu stöðum borin saman, kemur í ljós, að á Reykjavíkarsvæðinu er einn tannlæknir á hverja 1300 íbúa, á Akureyri einn á hverja 2000, en úti á landi einn á hverja 6000—7000 íbúa, en sérfræðingar telja, að einn tannlæknir þurfi að vera á hverja 800 íbúa.

Afleiðing tannlæknaskortsins úti á landi er sú að dómi tannlækna, að fólk úr sveitahéruðum leitar til tannlæknis nánast einungis til þess að láta draga úr sér tennur, þar sem það á engan kost þeirrar þjónustu, sem gæti komið í veg fyrir tannskemmdir, þótt alkunnugt sé, að skemmdar tennur geta verið orsök vanheilsu á ýmsum sviðum.

Til þess að bæta úr þeim algera skorti, sem ríkir á tannlæknaþjónustu víðast úti á landi, hafa sumar sveitarstjórnir hugleitt eða látið verða af því að setja upp tannlækningatæki á viðkomandi stað í því skyni að fá síðan tannlækni til starfa nokkurn tíma á ári. Nýting slíkra tækja yrði augljóslega léleg og kostnaður hlut- fallslega mikill.

Hagkvæmara sýnist og kæmi fleiri að notum, að keypt verði bifreið með full- komnum tannlækningaútbúnaði, þannig að 1—3 tannlæknar gætu ferðast um landið sem mestan hluta ársins og veitt þjónustu sem allra víðast.

Hugsanlegt væri að skylda nýútskrifaða tannlækna til slíkra ferða, en það mál þarfnast gaumgæfilegrar athugunar, á hvern hátt starfskraftar yrðu bezt tryggðir.

Gera má ráð fyrir, að kostnaðarverð slíkrar bifreiðar, sem gert er ráð fyrir, nemi a. m. k. 2.5—3 millj. kr. En hér er um að ræða úrbætur í svo alvarlegu vanda- máli mikils fjölda landsmanna, að í slíkan stofnkostnað má ekki horfa, og það jafnvel þótt fleiri en ein bifreið yrði keypt, þegar reynsla af rekstrinum lægi fyrir. Á móti kemur einnig, að sparast gæti fjármagn, sem ýmis sveitarfélög mundu ella verja til þess að kaupa tannlæknatæki, þrátt fyrir takmarkaða nýtingu slíkra stað- bundinna tækja á fámennum stöðum.

Enda þótt þær ráðstafanir, sem með frv. þessu er gert ráð fyrir, leysi ekki allan þann mikla vanda, sem við er að etja í tannlæknaþjónustu í dreifbýlinu, telja flm., að það sé hagsmunamál þeirra, sem úti á landi búa, að það nái fram að ganga.